



Minjastofnun
Íslands

The Cultural
Heritage Agency
of Iceland

Minjavörður Norðurlands
eystra

Borgum v/Norðurslóð
600 Akureyri

(354) 570 13 15
(354) 832 17 00

www.minjastofnun.is
Kennitala: 440113-0280

Sædis Gunnarsdóttir
Minjavörður Norðurlands
eystra
saedis@minjastofnun.is

Íris Stefánsdóttir
Fjallabyggð

Akureyri, 28. nóvember 2023
MÍ202310-0037/ 6.09 / S.G.

Deiliskipulag suðurbæjar Siglufjarðar

Með tölvupósti sendum þann 19. október 2023 var óskað eftir umsögn Minjastofnunar um nýtt deiliskipulag suðurbæjar Siglufjarðar í gegnum Skipulagsgáttina. Hægt var að hlaða niður deiliskipulagsupprætti og greinargerð hvorutveggja dagsett 2. október 2023.

Tilgangur deiliskipulagsins er að ná óbyggðum lóðum inn í skipulag með skilmálum fyrir nýbyggingar. Markmiðið er að halda í yfirbragð byggðarinnar þannig að nýbyggingar verði hluti af núverandi heild.

Fornleifaskráning hefur verið gerð fyrir svæðið sjá, Hákon Jensson. *Fornleifaskráning vegna deiliskipulags á Siglufirði 1. áfangi og skráning á minjum í Hvanneyrarseli.* Búnaðarsamband Eyjafjarðar Rannsóknarskýrslur 2023/4.

Alls eru skráðar 13 minjar innan skipulagsmarkanna, af þeim eru 12 heimildir um minjar en það þýðir að ekki sést til þeirra á yfirborði en minjar gætu leynst undir sverði. Aðeins ein skráðra heimilda um fornleifar er innan byggingarreits, en það er fornleif 3072-21 sem er heimild um túngarð. Ein tóft er skráð, fornleif nr 3072-16 sem er garðlag, en hún er ekki í hættu.

Í greinargerð skipulagsins er skilmerkilega fjallað um fornleifar og einnig er listi yfir öll hús innan skipulagssvæðisins. Þar er eitt aldursfriðað hús, Hávegur 60, sem er sérmerktur á skipulagsupprætti. Einnig eru þrjú umsagnaskild hús, þ.e. byggð 1924-1940, en það eru íbúðarhúsin að Suðurgötu 58 og 60 og geymsla að Hávegi 59, öll byggð 1936.

Eina tóftin sem er innan byggingarreits er heimild um túngarð 3072-21. Á loftmynd frá 1956 má mögulega sjá túngarðinn, hann liggur á lóðarmörkum Suðurgötu 66 og 64, og því leggur

Minjastofnun áherslu á að húsið sem byggt verður við Suðurgötu 64 fari ekki nær lóðarmörkum er byggingarreitir sýnir.

Ekki er til húsakönnun fyrir þennan hluta bæjarins. Minjastofnun á töluvert af upplýsingum um aldursfriðaða húsið að Hávegi 60, en óskar eftir ljósmyndum og frekari upplýsingum um umsagnaskyldu húsin sem og að þau verði merkt á uppdrætti og fjallað verði um þau í greinargerðinni.

Að öðru leiti hefur Minjastofnun Íslands ekki athugasemdir við fyrirhugaðar framkvæmdir.

Rétt er að vekja athygli á 2. mgr. 24. gr. laga um menningarminjar nr. 80/2012 en þar segir:

Ef fornminjar sem áður voru ókunnar finnast við framkvæmd verks skal sá sem fyrir því stendur stöðva framkvæmd án tafar. Skal Minjastofnun Íslands láta framkvæma vettvangskönnun umsvifalaust svo skera megi úr um eðli og umfang fundarins. Stofnuninni er skylt að ákveða svo fljótt sem auðið er hvort verki megi fram halda og með hvaða skilmálum. Óheimilt er að halda framkvæmdum áfram nema með skriflegu leyfi Minjastofnunar Íslands.

Virðingarfyllst,



Sædís Gunnarsdóttir
Minjavörður Norðurlands eystra